



## **Brunavarnir A-Hún. Stjórnarfundur 11. júní 2010**

---

Föstudaginn 11. júní 2010 kom stjórn Brunavarna A-Húnavatnssýslu saman til fundar í Slökkvistöðinni á Blönduósi kl. 14:00. Mæting skv. undirskriftum.  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### **Dagskrá:**

1. Ársreikningur 2009
2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010.
3. Gjaldskrá Brunavarna A-Hún.
4. Erindi Jónasar Skaftason
5. Önnur mál.

### **Afgreiðslur:**

1. Lagður var fram ársreikningur 2009. Samþykkt að vísa honum til aðalfundar Brunavarna A-Hún sem haldin verður þann 12 júlí 2010 kl. 14:00 að Hnjúkabyggð 33 Blönduósi. Slökkviliðsstjóri sér um að boða til fundarins.
2. Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Brunavarna. Var honum falið að fara yfir athugasemdir og leggja fram á aðalfundinum.
3. Slökkvistjóri lagði fram drög að gjaldskrá Brunavarna. Stjórnin samþykkti að vísa gjaldskránni til sveitarstjórna og í framhaldi af því að fá þær birtar í Stjórnartíðindum.
4. Lagt fram afrit af erindi Jónasar Skaftasonar þar sem hann kvartar yfir málsmeðferð slökkviliðstjóra. Erindið er í umfjöllun hjá hlutaðeigandi aðilum og er lagt fram til kynningar.
5. Önnur mál.
  - a. Þar sem þetta er síðasti fundur stjórnar Brunavarna þakkaði formaður stjórnarmönnum samstarfið og voru honum færðar þakkir fyrir sín störf.

Engin önnur mál voru færð til bókar.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15:30

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson  
Gróa Lárusdóttir  
Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri

Ágúst Þór Bragason